

# Hvers vegna kynjaskipting?

## um leik- og grunnskóla Hjallastefnunnar

*Hjallastefnan er heiti á nýrri leið í leik- og grunnskólastarfi sem Margrét Pála Ólafsdóttir skólalastjóri hefur þróað ásamt samstarfsfólki sínu um 20 ára skeið. Stefnan felur m.a. í sér óvenjulegt jafnréttisstarf með kynjaskiptum nemendahópum, kennslu án hefðbundinna leik- eða kennslutækja og án hefðbundinna kennslubóka en þess í stað er eingöngu notast við skapandi efnivið með óbundinni útkomu. Nú eru 14 leikskólar á Íslandi auk nokkurra leikskóla í Noregi og Svíþjóð sem kenna sig við Hjallastefnuna og nýjasti Hjallastefnuskólinn er Barnaskóli Hjallastefnunnar sem er fyrsti skólinn sinnar tegundar á grunnskólastigi. Nefna má að áhugi fyrir möguleikum kynjaskipts skólastarfs er nú vaxandi á Vesturlöndum og t.d. hefur ríkisskólum í Bandaríkjunum sem nota kynjaskiptingu sem aðferð fjölgað úr fjórum í 149 á síðustu átta árum (sjá heimasíðu Amerískra samtaka um kynjaskipt skólastarf <http://www.singlesexschools.org>)*

### Markmið kynjaskiptingar

Upphaf kynjaskipts leik- og grunnskólastarfs á Íslandi má rekja til haustsins sem leikskólinn Hjalli í Hafnarfirði hóf starfsemi sína, þ.e. haustið 1989. Leikskólinn var kynjaskiptur frá fyrsta degi, þ.e. nemendum og kennurum var deilt niður á stelpukjarna og strákakjarna. Fyrirkomulagið kom rækilega á óvart; umræður og deilur spruttu um skólann og mætti hugmyndin mikilli andstöðu hjá bæði fagfólki á skólasviði og jafnréttisviði. Margir óttuðust að verið væri að stíga skref til baka í jafnréttisbaráttu kynjanna og horfðu til þess tíma þegar kynjaskipting var viðhöfð í skólakerfinu fyrr á öldinni. Aðrir sáu kosti við að halda kynjunum aðgreindum og þá sérstaklega vegna þess skarða hlutar sem bæði kyn bera sannanlega úr bítum í skólum. Sáttastir voru þó foreldrar barnanna á Hjalla sem margir hverjir ákváðu að gefa skólanum kost á að sanna sig – og eftir fárra vikna reynslu voru bæði börn og foreldrar einfaldlega mjög ánægð og það var foreldrahópurinn sem stóð vörð um starfsemina og gerði kennurum kleift að halda stefnunni þó að oft gæfi á bátinn.

Forsendur kynjaskiptingar Hjalla og síðar Hjallastefnunnar eru einfaldar og felast í skýru markmiði og færum leiðum. Þannig er markmiðið með kynjaskiptu skólastarfi jákvæð kynjablöndun þar sem báðum kynjum er gert kleift að mætast á jafningiagrundvelli og þar sem hvorugt kyn þarf að gjalda fyrir kyn sitt. **Kynjaskiptingin er aðeins leiðin að markmiðinu!** Þar er annars vegar verið að styrkja stúlkur og drengi sitt í hvoru lagi, gefa þeim kost á að njóta sérstöðu sinnar og styrkleika en einnig að hamla gegn veikleikum hvors kyns og efla þá þætti sem hafa fallið í skuggann af kynferði þeirra. Hins vegar er kynjaskipta starfið auðgað með sérstakri þjálfun í samskiptum stúlkna og drengja þar sem kynin hittast daglega í sérstökum stundum þar sem fullorðnir tryggja jákvæð samskipti og raunverulegt samstarf.

### Upphaf kynjablöndunar

Sögulega séð er kynjaskipting grundvöllur í skólastarfi, þ.e. fyrstu skólarnar voru allir drengja- eða karlaskólar. Stúlkur og konur voru án menntunar og það er fyrst á seinni hluta nítjándu aldar sem skólar fyrir konur fara að skjóta upp kollinum í tengslum við kvenréttindabaráttu þess tíma eða svonefnda fyrstu bylgju feminismans. Fyrsti skólinn fyrir konur var Kvennaskólinn í Reykjavík sem var stofnaður stofnaður 1874 og lengi vel

héldu baráttuhreyfingar fyrir menntun stúlkna og kvenna því fram að besta fyrirkomulagið væru sérstakir stúlkna- og kvennaskólar. Rökin voru annars vegar að konur þyrftu á sérstakri styrkingu að halda til að geta staðið jafnfætis körlum en aðrir töldu að stúlkur og konur ættu fyrst og fremst að læra það sem tilheyrði hefðbundnu kynhlutverki þeirra og því þyrfti sérstaka kvennaskóla til að kenna kvenlegar dyggðir.

Uppbygging skóla fyrir stúlkur og konur gekk hægt og var kostnaðarsöm. Samhliða komu upp æ sterkari raddir um að hefðbundnu drengja- og karlaskólunum bæri að opna dyr sínar fyrir stúlkum og konum til að tryggja þeim rétt til sambærilegs náms. Því hefur getum verið leitt að því að kynjablöndunin í skólakerfinu hafi einfaldlega verið hagnýt lausn til að flýta þeirri þróun að konum bæri menntun. Á grundvelli þessa opnaði t.d. Lærði skólinn í Reykjavík dyr sínar fyrir konum skömmu eftir aldamótin. Algjör kynjablöndun varð þó ekki fyrr en mörgum áratugum síðar þar sem kvennaskólar lifðu góðu lífi og ákveðnar greinar voru kynjaskiptar í almennum skólum, þ.e. þær námsgreinar sem tengdust hefðbundnu kynhlutverki voru kenndar í kynjaskiptum hópum meirihluta tuttugustu aldarinnar - stúlkum var kennt sér og drengjum sér enda innihald námsins ólíkt og markmið skiptingarinnar að bjóða kynjunum upp á ólíka möguleika og ólíkar forsendur.

### **Blöndunarhugsjón sjöunda áratugarins**

Kynjaskipting er sem sagt ekki ný af nálinni þó svo að skiptingin hafi verið nýlunda í leikskólum þegar Hjalli hóf göngu sína. Aðgreining nemenda eftir kyni var þekkt og viðurkennd aðferð í skólakerfi Vesturlanda langt fram yfir miðja síðustu öld og má þar nefna handavinnu, smíðar, matreiðslu og íþróttir svo dæmi séu tekin. Í nafni jafnréttis kom upp sú krafa á sjöunda áratugnum að blanda báðum kynjum í öllum námsgreinum – en markmið þeirrar blöndunar var ekki hvað síðst til að tryggja báðum kynjum sambærilegt námsinnihald, þ.e. að bæði stúlkur og drengir fengju sambærilega þjálfun í bæði kvenlægum og karllægum gildum og verkefnum! Á fáum árum náðist að breyta skólakerfinu í þessa átt; fullkomin kynjablöndun og sömu verkefni fyrir alla!

Markmið þessarar „byltingar“ í skólum var jafnrétti; að hafa bæði kyn á sama stað á sama tíma með sömu verkefni og sama kennara átti að færa börnum „sama“ rétt í stað þess að skipta kynjunum niður til að mismuna þeim í verkefnum og þjálfun eins. Rannsóknir og reynsla af þessum stöðugu samvistum kynjanna hafa hins vegar leitt í ljós að „sami“ réttur náðist ekki. Þvert á móti hafa þessar lögskipuðu samvistir kynjanna haft afar alvarlegar og neikvæðar afleiðingar fyrir bæði stúlkur og drengi sem greina má á eftirfarandi hátt skv. „hjállískum“ fræðum:

## **Tap kynjablöndunar**

### **Bein mismunurinn í krafti kynferðis**

Kynin fá tvö konar skólagöngu hvað varðar athygli, kennslu, leiðsögn, hvatningu, tíma, pláss, leikrými, tal osfr. Annars vegar sýna magnmælingar að stúlkur og drengir bera gjörólíkan hlut úr bítum í ytri rama skólanna og hins vegar er innihald og innri viðhorf í starfsemi skóla og framkomu kennara gjörólíkt og ræðst af því hvort kynið á í hlut. Drengir fá „bróðurpartinn“ sem skv. orðabókaruppfléttingu er meirihluti einhvers – og drengir fá um 75-80% af því sem skólinn býður upp á. Stúlkur fá hins vegar „systurpartinn“ en það hugtak finnst reyndar ekki í orðabók en þýðir að í hlut stúlkna

fellur um 20-25% af gæðum skólans. Þrátt fyrir þessar staðreyndir, mælist námsárangur stúlkna mun betri en drengja og má m.a. skýra það með að stúlkur eru fyrr í stakk búna til að mæta kröfum hins formlega skólanáms en drengir; þær hafa betra úthald og einbeitingu, betri fínhyfingar og betri málskilning sem allt hjálpar í formlegu námi enda hafa margir bent á að skólakerfið sé meira sniðið að þörfum stúlkna en drengja. Hins vegar virðist þessi ójafni systkinahlutur ekki vera til þess fallinn að styrkja stúlkur þar sem þær mælast með lakara sjálfstraust en drengirnir þrátt fyrir góðan árangur og er það afleiðing af athyglissviptingu og ósýnileika þeirra í skólastofunni. Piltarnir njóta heldur ekki einvörðungu góðs af sínum systkinahluta; þegar upp er staðið hefur bróðurparturinn af athygli og tíma kennarans ekki dugað þegar komið er að einkunnagiöf og námsárangri enda hefur stór hluti bróðurpartsins verið neikvæð skilaboð, skammir og aðfinnslur vegna þess að piltarnir uppfylla ekki kröfur skólans. Þannig felur mismunun kynjanna í sér tap fyrir bæði stúlkur og drengi - þó tapið birtist á ólíkan máta.

### **Einokun kynjanna á hefðbundnum hlutverkum**

Verkefni, leikir, leiksvæði, hegðun og fleira er einokað af því kyni sem hefðarhelgað „á“ sviðið og hitt kynið kemst aldrei að á sínum forsendum. Einokunin skapast m.a. vegna þess að börn vita frá tveggja ára aldri hvað það þýðir að tilheyra ákveðnu kyni; strákar vita hvað strákar eiga að gera og hvernig þeir eiga að vera og stelpur vita hvað stelpur eiga að gera og hvernig þær eiga að vera þó svo að þau geti ekki skilgreint muninn á kynjunum fyrr en við lok leikskólaaldurs eða við 6 ára aldurinn. Auk þess er það þekkt að börn sækja í það sem þau eru „góð í“ og eru rögg við að reyna við ný og ókunnug hlutverk og verkefni – ekki sist ef einhver á staðnum er æfðari eða færari en þau á sviðinu.

Afleiðing þessara lögmála er að hvorugt kyn kemst að – eða þorir - að æfa nýja færni eða til að styrkja þá eiginleika sem hafa orðið útundan í uppeldinu þar sem þeir tilheyra hinu kyninu skv. aldagamalli hefð. Því sækja þau í gamla kynhlutverkið sitt og gömlu færminna; æfa stöðugt einhæfari hlutverk og gömlu kynhlutverkin styrkjast og ýkjast. Sem dæmi má nefna að stúlkur forðast að taka sér réttmætt svigrúm í skólanum þegar hávaðasamir piltar eru til staðar til að ráða ferðinni og á sama hátt forðast drengir að æfa og ná árangri á „stelpulegum“ sviðum eins og í föndri eða söng þegar stúlkurnar eru til staðar. Bæði kyn fælast þannig frá nýjum möguleikum sem þó gætu bætt stöðu þeirra til muna.

### **Ó-líkindi kynjanna**

Endalaust má deila um hvort kynin séu í eðli sínu ólík og hversu mikill munur sé mælanlegur milli stúlkna og drengja – og allir eru tilbúnir að hafa skoðanir á slíkum spurningum og vangaveltum. Málið snýst bara ekki um þessar deilur, heldur hvað við ætlum að gera í málunum og hvernig við getum unnið á grundvelli þess munar sem er greinanlegur hjá börnum á leik- og grunnskólaaldri. Hvort sem þau eru ólík eða ekki „í eðli sínu“, þá hafa stúlkur og drengir sér ólíkt, þau birta sig ólíkt í skólastarfinu, þau bregðast ólíkt við – þau tala ólíkt og þau leika sér ólíkt. Hvernig getum við þá haft þau öll til staðar á sama tíma með sömu verkefni? Á sama hátt sjáum við að „ólíkindi“ stúlkna og drengja hafa neikvæðar og alvarlegar afleiðingar bæði fyrir viðkomandi kyn og fyrir hitt kynið. Veikleikar drengja hvað varðar hávaða, reglubrot, ofbeldi og einbeitingarleysi bitnar illilega á stúlkunum og krefur kennarann um að stöðva þá af sem veldur mikilli neikvæðni og ergelsi í garð drengjanna – sem skynja sig ómögulega! Veikleikar stúlkanna birtast m.a. í óöryggi, feimni og grátstjórnun sem skapar neikvæðni og þær eru niðurlægðar fyrir að sýna einkenni „veikara“ kynsins.

## Ávinningar kynjaskiptingar

Kynjaskipting Hjallastefnunnar er „hin nýja kynjaskipting“ sem gengur út frá því að báðum kynjum beri sömu möguleikar, samskonar verkefni og sambærileg þjálfun – en að kynjaskiptir hópar séu forsenda þess að ná árangri. Kynjaskipta starfið er síðan tvíþætt; annars vegar eru miklir ávinningar sem koma sjálfvirkt með því einu að kynjunum bjóðist að vera sitt í hvoru lagi en hins vegar felur kynjaskiptingin í sér möguleika til sérstakrar kennslu og þjálfunar til að ná hámarksárangri út úr aðferðinni.

### Sjálfvirkir ávinningar

Bæði kyn fá 100% systkinahlut og réttlátur hlutur er tryggður með því að kynjaskipta á einhvern máta. Kynjaskipting í ytri ramma felur í sér að afhenda hvoru kyni ákveðið húsrými eða hluta af leiksvæði og að skipta búnaði og leikefni réttlátlega. Það að hvort kyn eigi sína kennara lagfærir sjálfkrafa þá mismunun sem kynin búa við varðandi athygli, kennslu, leiðsögn, hvatningu og fleira. Með þessu er ekki sagt að kynjaskipta þurfi heilum skólum til að nýta kosti aðferðarinnar; kynjaskiptir hópar í ákveðnum fögum eða á ákveðnum stundum geta gefið mikla möguleika og ekki þarf nema tvo kennara til að byrja að fikra sig áfram.

Einokun kynjanna á kynbundinni færni minnkar og þar með hefðbundin hlutverk því að um leið og annað kynið er úr augnsýn, þorir hitt kynið sjálfkrafa að glíma við ný verkefni og nýja hegðun og fær þar með tækifæri til að öðlast nýja færni og nýja eiginleika. Þar má nefna að stúlkur fara sjálfkrafa að taka sér meira rými og tala meira, breyta hegðun sinni og prófa ný verkefni – bara þegar piltarnir eru úr augnsýn. Á sama hátt fara drengirnir að prófa nýja hluti þegar stúlkurnar eru ekki lengur til að einoka hina félagslegu færni en nefna má að sjálfkrafa breyting á hegðun er minni en hjá stúlkunum þar sem drengjahegðunin hefur verið ráðandi í kynjablönduðum hópi og því minni breyting fyrir þá að vera í einkynja hópi. Hins vegar eru ávinningar pilta síst minni en stúlkna þegar kemur að því að nýta kosti einkynja hóps við þjálfun og kennslu. Þannig benda rannsóknir ótvírætt til þess að námsárangur bæði stúlkna og drengja sé betri í kynjaskiptu skólastarfi en í kynjablönduðu og einnig verður námsval og námsáhugi breiðari þegar stúlkur og drengir starfa í einkynja hópum.

Síðast en ekki síst skal nefna að bæði kynin skapa sjálf sína menningu þegar þau fá að vera í friði á eigin forsendum. Bæði stúlkur og drengir skapa leiki, starf og menningu byggða á styrkleikum eigin kyns á jákvæðan hátt – bara ef þau fá að vera í friði í kynjaskiptum hópi. Þessi ávinningur er björgun í skólakerfi þar sem annað kynið ræður ríkjum í starfi og gefur ekki hvað síst piltunum kost á að starfa á eigin forsendum. Þar þurfa þó kennarar að vera sér meðvitandi um að sleppa tókunum og leyfa kynjameningunni að blómsta - án fordóma og ytri stýringar, þvert á móti gefur einkynja hópur kennaranum kost á að nýta sér menningu kynsins á jákvæðan hátt. Því ekki að nýta hetjuna Zorro sem kennslugagn drengja eða heimilisáhuga stúlkanna í tölvum og raungræinum?


### Sérstakt framlag í kennslu og þjálfun

Auk þeirra sjálfkrafa ávinninga sem kynjaskipt starf gefur og eru nefndir hér að framan, býður aðferðin kennurum upp á ögrandi tækifæri til að takast á við grundvallaratriði í skólastarfinu með kynjaskilgreiningar að vopni. Þar má helst nefna eftirfarandi:

Skýr skilaboð fyrir rétt kyn er grundvallaratriði í t.d. hegðunarkennslu og einnig í fjölmörgum námsgreinum. Í kynjaskiptu starfi getur kennari einhent sér í viðbrögð og kennslu sem hæfir viðkomandi kyni án niðurlægingar og án þess að eiga það á hættu að hitt kynið mistúlki eða verði að bíða eftir passlegri kennslu fyrir sig. Á sama hátt getur kennarinn nýtt sér sérmenningu hvors kyns til að byggja kennslu og þjálfun á og höfða þannig til áhugasviðs barnanna.

„Kynjakvarðinn“ styttest og kennarinn er aðeins að vinna með 2/3 hluta litrófsins í senn. Í kynjablöndun glíma kennarar við alltof mikla breidd í hegðun og getu einstaklinga og kynið er stærsti ákvörðunarþátturinn í því hvar á kvarðanum barnið lendir. Þó flest börn séu innan viðráðanlegra marka, eru það öfgarnar sitt hvoru megin á kynjakvarðanum sem eru erfiðastar viðureignar og það er öfgahegðunin sem hamlar árangri. Það eru fyrst og fremst stúlkur sem hafna í öfgum sem lýsa sér m.a. með óvirkni, mistakaötta, feimni og fleiri einkennum kvenlægrar hegðunar. Það eru síðan drengir sem lenda í öfgunum hinu megin á kvarðanum sem má lýsa með ofvirkni, reglubrotum, ofbeldi og fleiri einkennum karllægrar hegðunar. Með kynjaskiptingu er búið að fjarlægja aðrar öfgarnar og þar með er kvarðinn miklum mun styttri og viðráðanlegri.

## Kynjakvarðinn



*Kynjakvarðinn útskýrir grundvallarafstöðu Hjallastefnunnar til þeirrar tvíhyggju sem oft ríkir gagnvart kynjunum; þ.e. „stelpur eru svona“ eða „strákar eru hinsegin“ og hvernig starf í anda Hjallastefnunnar hafnar þeirri uppstillingu. Þvert á móti er litið svo á að einstaklingar af báðum kynjum eigi fullt tilkall fjölbreytilegrar stöðu og fjölbreyttrar hegðunar óháð kynferði. Hins vegar eru allir hinir sammannlegu eiginleikar kynjakvarðans ýmist tengdir við kvenlæga (feminin) hegðun - sem er hin félagslega hæfni - eða*

*Þá andstæðu sína, karllæga (maskulin) hegðun sem er hin einstaklingslega hæfni. Því miður hefur kynferði barna haft megináhrif á það hvaða eiginleika kvarðans þeim hefur boðist að æfa og þannig styrkjast bæði kynin í staðalhegðun. Stúlkurnar fá hvatningu og stuðning við að æfa hina jákvæðu félagslegu eiginleika sem tilheyra þeirra kynhlutverki en fá þær ekki möguleika á að styrkja einnig jákvæða einstaklingseiginleika, fæ skuggahlið kvenlægu eiginleikanna að gera vart við sig; sjálfsvorkunn, grátstjórnun o.s.fr. Drengirnir eru hvattir til að æfa hina einstaklingsbundnu eiginleika en þeir eiginleikar einir og sér án félagslegar hæfni umbreyta jákvæðum þáttum s.s. sjálfsöryggi og og krafti í skuggahliðarnar yfirgang og ofbeldi. Hugmynd Hjallastefnunnar er einfaldlega að bæði kyn þjálfu sérstaklega þá eiginleika sem vantar í þeirra reynsluheim!*

Sérstök uppbótavinna er eina leiðin til að mæta veikleikum hvors kyns, þ.e. veikleikum sem hafa þróast vegna þess að stúlkur fá ekki hvatningu á sumum sviðum og drengir fá ekki hvatningu á öðrum sviðum. Þessi uppbótavinna er grunnurinn að svonefndri kynjanámskrá Hjallastefnunnar sem er hugsuð fyrir bæði kyn á tilteknum forsendum. Þar er niðurstaða okkar að stúlkur þurfi mun meiri hvatningu á einstaklingssviði og að hjá þeim þurfi að styrkja þá eiginleika sem tilheyra venjulega „karllægum“ eiginleikum. Drengir þurfa meiri þjálfun og kennslu á hinu félagslega sviði og þeir þurfa að styrkja eiginleika sem eru taldir „kvenlægir“. Á þennan hátt má vinnu gegn alvarlegum afleiðingum þeirrar vanrækslu sem ástunduð er í skjóli kynferðis. Bæði kyn fá þó bæði einstaklings- og félagsþjálfun þar sem innan hvors kyns eru mjög ólíkir einstaklingar; hlutfallið er bara mismunandi því stúlkur þurfa meiri og lengri þjálfun þjálfun til að ná valdi á einstaklingseiginleikum og drengir þurfa meiri og lengri félagsþjálfun en stúlkurnar.

## **Ávinningar og markmið með kynjablönduðum stundum**

Í Hjallastefnustarfi er gert ráð fyrir því að kynin hittist daglega því að of mikil fjarlægð getur bæði skapað óraunverulegar ímyndir og misskilning og ótta við hitt kynið. Þessar daglegu samvistir byggja á stuttum samvistum – og jákvæðar og góðar 5 mínútur eru betri en lengri tími þar sem neikvæðni af einhverju tagi fer í gang. Jákvæðar samvistir þar sem ánægja ríkir og allir hlakka til að mæta vinum sínum er eina leiðin til að ná því marki að andæfa gegn þróun svonefndra óvinamynda. Óvinamyndir eru ferli sem á sér stað í stöðugri kynjablöndum í hefðbundnu skólustarfi. Þar eru stúlkur og drengir í stöðugum samskiptum, alltaf á sama stað á sama tíma og neikvæðar afleiðingar kynjamunarins skapa þirring og stöðuga árekstra milli kynjanna. Smátt og smátt byggja drengir því upp niðurlægjandi viðhorf gagnvart stúlkunum og veikleikum þeirra og stúlkur fara að kenna drengjum um allt sem aflaga fer vegna hegðunarferfiðleika þeirra og árekstrum kynjanna fjölgar stöðugt. Með stuttum og ígrunduðum samverustundum kynjanna má þvert á móti byggja upp vinamyndir og vinaviðhorf því að í blönduðu stundunum einbeitum við okkur að styrkleikum hvors kyns og sýnum getu okkar og hæfni á jákvæðan hátt.

### **Margrét Pála Ólafsdóttir**

Greinin birtist upphaflega í Skímu, riti móðurmálskennara, 2005, 28.árg, 1.tbl, bls. 25-30